

Mál nr. 242/2015
M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar X.

Sönnun tjóns vegna sprenginga í maí 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 24. ágúst 2015 ásamt frekari gögnum, sprengiskýrslum og vátryggingarskírteini.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að fulltrúar M tóku eftir því að kvöldi 8. maí 2014 að múrstykki höfð fallið niður á svalir hússins og vísa til mynda sem sýni að horn á múrhúðun á suðurkvisti hússins hafði brotnað af. M telur að umrætt tjón hafi hlotist af sprengingu sem höfðu verið á vegum X í um fjórar vikur með miklum höggbylgjum á hús M. M vísar til þess íbúum í þeirra götu hafi ekki borist tilkynningar um umræddar framkvæmdir og krefst bóta vegna viðgerðar á kvisti hússins.

V telur ósannað að þær skemmdir sem M vísar til séu af völdum sprenginga X þar sem hús M hafi verið sprungið víðar en á þeim stað sem M vísar til. V telur einnig að ekki sé heldur sýnt að skilyrði skaðabótaréttarins séu uppfyllt varðandi skaðabótaábyrgð af hálfu X. Ekkert hafi komið fram um að staðið hafi verið ranglega að sprengingum á svæðinu og lagðar eru fram sprengiskýrslur frá X sem sýni ekki frávik frá leyfilegum styrk á sprengingum á svæðinu auk þess sem sprengistyrkur hafi í raun verið minni en leyfilegt var.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem verður fyrir tjóni sem hann telur að annar beri skaðabótaábyrgð á þarf að sýna fram á að slíkt tjón sé hægt að rekja til skaðabótaskyldrar háttsemi annars. Í málinu liggur fyrir frásögn fulltrúa M um að hafa fundið múrstykki á svölum húseignar sinnar sem M ályktar að stafi frá sprengingum X. Í málinu liggja einnig fyrir skýrslur um sprengingar X sem sýna að styrkur sprenginga var innan leyfilegra marka fyrir tjóni M. Þegar tekið er mið af öllum gögnum málsins verður ekki með fullvissu ályktað að tjón á múrhúðun á kvisti hús M sé hægt einungis hægt að rekja til umræddra sprenginga. Því er ekki hægt að fallast á að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 8. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.